

---

N O R Ð F I R Ð I N G U R

---

2. tölublað 1982      6. árgangur.

Aðalfundur Norðfirðingafélagsins  
verður haldinn í Átthagasal hótél  
Sögu sunnudaginn 28. nóvember  
1982 kl. 15:00 stundvíslega.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.  
Myndasýning. Haustmyndir  
frá Norðfirði, teknar í  
september 1982 af Jóni  
Karlssyni.

S.Ú.N. í máli og myndum.  
Afmælissýning og ávarp  
flutt af Jóhannesi Stef-  
ánssyni fyrrv. forstjóra  
S.Ú.N.

Kaffi og með'í

Mætum öll..

---

Viðtakandi:

Við komum síðast saman á árshátíð félagsins, sem haldin var 5. mars s.l. að hótél Loftleiðum. Þátttaka var nokkuð góð, en hefði þó mátt vera betri. Skemmtiatriði voru ekki af lakara taginu, því árs- hátíðargestir urðu óvænt aðnjótand skemmtiatriða Skoskra listamanna sem skemmtu hótélgestum um þær mundir, auk þekktra innlendra skemmtikrafta. Svo má ekki gleyma okkar ágætu gestum, hjónunum Fjólu Steinsdóttur og Lúðvík Jósepssyni, en hann rifjaði upp í skemmtilegri ræðu minningar að heiman.

Sóknarpresturinn í okkar heima- byggð séra Svavar Stefánsson hafði samband við formann félagsins og bað um aðstoð við sölu á jólakort- um til styrktar safnaðarheimili

kirkjunnar. Ákveðið hefur verið að bjóða jólakortin til sölu á aðalfundinum og væntir stjórnin þess að félagar bregðist vel við og kaupi kortin.

Það hefur verið ákveðið að halda hið árlega „Sólarkaffi“ í Átt-hagasal hótél Sögu sunnudaginn 30. janúar n.k. kl. 15:00. Stjórnin mun kappkosta að fá þá til sýningar kvikmynd sem gerð var um heimabyggðina árið 1974 (þjóðhátíðarárið). Ennfremur hefur verið ákveðið að halda árshátíð félagsins að hótél Loftleiðum, Víkingasal, föstudaginn 18. mars n.k. kl. 20:00 stundvíslega. Félagið okkar verður 15 ára á næsta ári og hefur stjórnin í hyggju að vandað verði sérstaklega til allra dagskráratriða

svo sem kostur er og væntir þess að félagar láti sitt ekki eftir liggja.

Fréttabréf verða send félögum til að minna á „Sólarkaffið“ og árshátíðina, þar sem nánar verður kveðið á um dagskráratriði.

Við vekjum athygli á að gíróseðlar fyrir árgjöldum félagsmanna verða sendir út samhliða þessu fréttabréfi og væntum við þess að félagar greiði félagsgjöldin fljótt og vel.

---

#### NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi : Norðfirðingafélagið  
Heiðarlundi 1,  
210 Garðabæ.

Ritstjóri : Jón Karlsson.